



## Hylling Jón Krabbe, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Jón Krabbe – Sjálfstæðisflokkurinn - Hylling

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-3, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Um Þín Khalle

Í kvöld er hér meðal okkar sá maður, sem fyrstur var skipaður til þess að fjalla um íslenzk utanríkismál.

Á meðan Ísland laut erlendri stjórn var ekki talið, að það hefði sérstök utanríkismál, og á dögum hins forna þjórveldis var ríkisskipan slík, að engum sérstökum manni var falið að fara með þau mál. Þó finnast þess dæmi frá fyrri öldum, að einstöku Íslendingar gæfi sín að meðferð utanríkismála, en þeir fjölluðu þá ekki um utanríkismál Íslands heldur höfðu sengið í erlenda þjónustu. Það hefur tíðkast á öllum öldum, að Íslendingar féri utan til að afla

sér fjár og frama, en utanríkismálín hafa lengst af verið okkur svo fjarlæg, að svo virðist sem sérstakt skáldlegt hugarflug hafi þurft til að leggja stund á þau. A.m.k. er svo um þá two Íslendinga af fyrri tíma mönnum, sem ég í bili minnist, að hafi fengist við þessi störf, að þeir voru hvor um sig höfuðskáld sinnar samtíðar. Hinn fyrri var Sighvatur skáld Þórðarson, sem gerðist stallari og á stundum sendiherra Ólafs Noregs-konungs þess, er nefndur var hinn digri meðan hann lifði en hinn helpti eftir dauða sinn. Rúmum 800 árum síðar fór Grímur skáld Thomsen í utanríkispjónustu Dana og starfaði í henni um langt árabil, bæði í Danmörku og úti í löndum. Um þau störf og mennina, sem að þeim vinna, hefur hann ort kvæðið "A Glæsivöllum",

sem lifa mun á meðan íslenzk tunga er töluð og lýkur því svo:

"kalinn á hjarta þaðan slapp ég."

Petta kynni að sýna, að skáldinu hafi reynst störfin með nokkuð öðrum hætti en það í skáldlegu hugarflugi í fyrstu hafði ætlað.

En þó að langar aldir liðu svo, að Ísland teldist ekki hafa nein utanríkismál og um þúsund ára bil væri það fáir eða engir aðrir en þau tvö skáld, er nú nefndi ég, sem störfuðu að þessum málum og það í erlendri þjónustu, þá kom að því að viðurkennt væri, að Ísland hefði sín utanríkismál ekki síður en önnur þjóðlönd. Frá því að pessi viðurkenning fékkst eru á

þessu ári liðin 35 ár. Í fyrstu var viðurkenningin að vísu miklum takmörkunum háð og ekki til þess ætlast, að íslendingar sjálfir etti ýkja mikinn hlut að meðfera þessara málanna.

Svo sem ég gat um í upphafi er sá maður, Jón Krabbe, sem þá var skipaður til meðferðar þeirra, nú á meðal okkar hér í kvöld. Hann er að vísu ekki íslenzkur ríkisborgari og það, sem hann hafði til starfans að bera var að sumu leyti nokkuð annars eðlis en þeir íslendingar, sem við slík málj höfðu áður fengist. Eg hygg, að ekki sé á hann hallað þótt sagt sé, að hann hafi ekki haft hið sama skáldlega hugarflug sem þeir, en reynslan hefur sannað, að hann hefur ekki síður en þeir haft andans yfirsýn og viðsýni flestum

mönnum fremur. Öll störf hans hafa byggst á lærðomi og hagnýtri þekkingu á málum og mönnum, þau hafa mótað af réttlæstistilfinningu, góðvild og hjartahlýju, sem enn er ókulnuð.

Með fordæmi sínu og samstarfi við aðra mæta menn hefur Jón Krabbe átt ómetanlegan þátt í að leggja grundvöllinn að íslenzkri utanríkisþjórnustu. Að þann veg og með öðrum störfum sínum í Íslands þágu hefur hann unnið til varanlegs pakklætis hinnar íslenzku þjóðar.

Eins og ég sapði aður, þá er Jón Krabbe ekki íslehzkur ríkisborgari, þótt hann raunar sé að hálfu af íslenzku bergi brotinn og hefði margfaldlega til þess unnið að vera gerður heiðursborgari Íslands, eins og Jakob Möller hefur stungið upp á, ef slikt væri tíðk-

anlegt, en engu að síður er hann tryggur sonur  
föðurlands síns, Danmerkur.

En við metum hann ekki minna heldur meira fyrir  
það. Hann hefur með æfistarfi sínu tengt enn einn  
vináttuhlekk milli hinna fornu bræðrapjóða, Dana og  
Íslendinga.

Við hyllum þennan heiðursmann hér í kvöld,  
vottum honum virðingu okkar, þakkir og vináttu.